



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 9. janúar 2023

2301021SA KB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um Orkusjóð

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 16. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð. Með frumvarpinu er ætlunin að sameina Orkusjóð og Loftslagssjóð í einn sjóð í þeim tilgangi að einfalda og auka við styrkveitingar á sviði orku og loftslagsmála með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við áformin enda almennt fylgjandi einföldun í stjórnsýslu. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þótt mikil skörun sé á milli verkefna Orkusjóðs og Loftslagssjóðs kunna að vera þættir í starfsemi sjóðanna sem ekki eiga fulla samleið. Tryggja þarf að verkefni í loftslagsmálum sem ekki eru orkumál eigi áfram möguleika á fjármögnun.


Sambandið hefur nýverið sett sér nýja [stefnu](#) og telur rétt að vekja athygli ráðuneytisins á eftirfarandi stefnumarkmiðum sem tengjast umræddu málefni:

- 7.1 - Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin verði leiðandi þátttakendur í umræðu og aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og laga samfélagið að þeim breytingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga.
- 7.4 - Sambandið beiti sér fyrir því að ríkið styðji orkuskipti í samgöngum um allt land. Skipulag opinberrar þjónustu miði að því að draga úr ferðabörf. Þá verði sérstaklega horft til þess að koma á framleiðslu á rafeldsneyti innanlands til nota í farartækjum.
- 8.15 - Sambandið beiti sér fyrir því að jafna raforkuverð bæði hjá fyrirtækjum og íbúum óháð búsetu og að uppbyggingu þriggja fasa rafmagns verði hraðað til að styðja við nýsköpun í atvinnulífi.
- 8.16 - Áhersla verði lögð á aðgerðir til að auka jafnræði milli íbúa og fyrirtækja á köldum svæðum og þeirra sem eru á hitaveitusvæðum vegna húshitunar. Sérstaklega verið hugað að rekstrarumhverfi, þ.m.t. raforkukaupum, fjarvarmaveitna á köldum svæðum.

- 8.17 - Áhersla verði á notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Styrkir til jarðhitaleitar, fjarvarmaveitna og þróunar nýrra orkugjafa verði auknir s.s. í tengslum við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Með vísan til framangreinds óskar sambandið eftir fundi með ráðuneytinu til að ræða sýn sambandsins á sjóðafyrirkomulagið og áherslur í málaflokknum. Tengiliður sambandsins vegna þessa fundar er Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri